

154  
12. júlí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 74 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

39. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipta skal landinu í fjögur sýningarsvæði, og héraðssýningar haldnar fjórða hvert ár á eftirtöldum stöðum, eða öðrum í grennd við þá, eftir ákvörðun hlutaðeigandi búnaðarsambands:

1. Þjórsártún, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukot, fyrir búnaðarsambandssvæðin milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar.
3. Sveinsstaðir, fyrir Húnavatnssýslur.
4. Sauðárkrókur, fyrir Skagafjarðarsýslu.
5. Meðalfellsrétt, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Enn fremur er Búnaðarfélagi Íslands skylt að halda sýningar á fleiri stöðum, ef þess er óskað af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða sýslunefndum. Sýningar skulu því aðeins haldnar að búnaðarsamböndin óski eftir þeim eða samþykki, að þær skuli haldnar og annist um þær eins og reglugerð þessi gerir ráð fyrir.

Stjórnir búnaðarsambanda skulu kjósa meðdómendur á héraðssýningum, þó skulu þær gefa stjórn Landssambands hestamannafélaga kost á að tilnefna einn meðdómanda. Fjöldi meðdómenda fer eftir þörf, en skal ávallt vera jöfn tala. Þær skulu enn fremur kjósa minnst þriggja manna sýningarstjórn, sem annast umbúnað sýningarsvæðis og annan undirbúning og framkvæmd sýningarinnar í samráði við hrossaræktarráðunaut. Búnaðarsamböndin skulu greiða meðdómendum á héraðssýningum fyrir störf þeirra og sýningarstjórn, og sjá um allan kostnað, sem af héraðssýningum leiðir. Þó greiðir Landssamband hestamannafélaga kostnað vegna starfa fulltrúa sinna sem meðdómenda á héraðssýningum.

Búnaðarsambönd skulu sjá um að fram fari sveitasýningar fjórða hvert ár, ef þess er óskað af héraðsmönnum, eða stjórnir sambandanna telja nægan áhuga vera fyrir því í héraðinu. Flokka skal hross á sveitasýningum í 1., 2. og 3. flokk. Hross, sem eru í 1. flokki á sveitarsýningu, hafa rétt til að mæta á héraðssýningum, en dómnefnd héraðssýninga er heimilt að víkja öðrum hrossum frá sýningu. Henni er enn fremur heimilt að víkja frá héraðssýningu hrossum, sem þannig eru með farin, að til vansæmdar má telja, þótt þau hafi verið dæmd í 1. flokk á sveitarsýningu.

Stjórn búnaðarsambands kys í hverri sveit meðdómendur á sveitasýningar, en gefa skal þó stjórn Landssambands hestamannafélaga kost á að tilnefna einn meðdómanda í dómnefnd hverrar sýningar. Hafi búnaðarsambandið ráðunaut, skal hann vera oddamaður dómnefndar á sveitasýningum, ella hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands eða annar, er Búnaðarfélag Íslands tilnefnir. Búnaðarsamböndin sjá um allan kostnað við sveitasýningar. Þó greiðir Landssamband hestamannafélaga kostnað vegna starfa fulltrúa sinna, sem meðdómenda á sýningum þessum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, og lögum nr. 11 14. febr. 1950, um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*